

Vélsm. 
Árna Jóns ehf.
Tryggð við byggð
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL

SNÆFELLSBÆ

223. tbl - 5. árg.

29. september 2005



SPARISJÓÐUR

Smalað í Snæfellsbæ



Réttir voru í Snæfellsbæ um helgina. Frekar kuldalegt var um að litast, snjór var yfir öllu og langt síðan svo mikill snjór hefur verið á réttardaginn a.m.k. ef eitthvað er að marka elstu menn. Ágætlega

gekk að koma fénu heim en eitthvað var um að fé findist dautt í skurðum í Staðarsveit eftir óvenju harkalegt hret fyrir í vikunni. Myndin sem fylgir var tekin í Þæfusteinsrétt.

Félagsheimili selt



Í gær, miðvikudag, var skrifað undir samning þess efnis að Umf. Trausti í Breiðuvík kaupir hlut Snæfellsbæjar í félagsheimilinu Snæfelli á Arnarstapa.

Umf. Trausti greiðir Snæfellsbæ 3.250 þús fyrir hlut

Snæfellsbæjar í húsinu.

Myndin var tekin þegar Kristinn Jónasson bæjarstjóri og Ólína Gunnlaugsdóttir tókust í hendur eftir undirskrift samninga.



HÚS TIL SÖLU

Hjarðartún 10, efsta hæð

162,4 fm. íbúð á efstu hæð í þriggja hæða steinhúsi byggðu árið 1963. Íbúðin skipstítt í hol, stofu, eldhús, þvottahús, búr, fjögur svefnherbergi og baðherbergi. Sameiginlegur stigagangur er með öðrum hæðum og sameiginleg geymsla undir stiga. Rúmgóður stigapallur er fyrir framan íbúðina. Svalir eru útaf stofu. Teppi er á stigagangi, plastparket á holi, gangi, stofu og herbergjum, nýlegt flisaparket er á eldhúsi og flísar eru á baðherbergi. Nýr stofugluggi og ný svalahurð.

Verð kr. 9.000.000,-.

*Sjá nánari upplýsingar um eignirnar og aðrar eignir á skrá á heimasíðu fasteignasölnunnar: fasteignsnae.is
Á Fasteignasölu Snæfellsness eru öll störf unnin af löggiltum fasteignasala sem tryggir öryggi í viðskiptum.*

Fasteigna- og skipasala Snæfellsness
Pétur Kristinsson, hdl. löggiltur fasteigna- og skipasali.
Sími 438-1199, netfang pk@simnet.is
Heimasíða: fasteignsnae.is

Hiphop dancehall/reggae!

Langar þig að læra að dansa hiphop?

Hiphop dancehall/reaggae námskeið verður haldið helgina 15.-16. október í Grundarfirði.

Boðið verður upp á kynningu á dancehall og hiphop og farið í undirstöðuatriði dancehall. Kennð verður a.m.k ein choreografía.

Boðið verður upp á námskeið fyrir 13 - 15 ára og 16 ára og eldri.

Verð: 3600

Frekari upplýsingar og skráning hjá Ernu Rut - 849-3964



Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · Netf. bylgja@bylgja.is

Snæfellsnes eitt öflugt sveitarfélag!

Það kann að virðast of seint í rassinn gripið að tala um Snæfellsnes sem eitt sveitarfélag nú þegar það búið er að klípa vænar sneiðar af nesinu, fyrst var Skógarströndin flutt inn í Dali og nú er næsta víst að Kolbeinstaðahreppur innlimast í Borgarbyggð og tilheyrir þá hinu stóra og öflugra sveitarfélagi sem er að myndast í sameinaðri Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Hvað ætlum við Snæfellingar að gera? Við höfum tvo kosti, sá vænlegri er að sameinast og snúa bökum saman til að byggja upp öflugt sveitarfélag hér á Snæfellsnesi eða því sem eftir er af því og búa þannig til öflugt samfélag sem getur eftir búsetu og veitt aukna þjónustu íbúum Snæfellsnes til handa.

Hinn kosturinn er að okkar viti ekki gæfulegur en það er að berjast áfram eins og smákóngar hver í sínu horni með hæfilegt samstarfi sín á milli og reyna þannig að styrkja byggð og þjónust við íbúana.

Umræðan um væntanlegar sameiningarkosningar þann 8. október hefur verið lítil sem engin og það litla sem heyrst hefur er að þetta séu nú bara skripaleikur og að sjálfsögðu verði þetta fellt og búið spil. Þetta er nú ekki alveg eins og það á að vera þegar íbúum á Snæfellsnesi er boðið að kjósa um sameinigu fimm sveitarfélaga.

Þegar sameiningarnefnd Samtaka sveitarfélaga og félagsmálaráðherra kom með sínar tillögur um frekari sameiningu sveitarfélaga á Snæfellsnesinu kusu þær sveitastjórnirnar á nesinu sem lagt var til að yrðu sameinuð fulltrúa sína í sameiningarnefnd sem fékk það hlutverk að skoða þessi mál, vega og meta kosti og galla samein-

ingar og leggja svo niðurstöðurnar fyrir sveitastjórnirnar.

Þessi nefnd skilaði svo skýrslum sínum til sveitastjórnanna annars vegar um fjárhag sveitarfélaganna unnin af endurskoðunarstofu Deloitte hf og hinsvegar greining frá ráðgjafafyrirtækinu Alta á kostum og göllum sameiningar á nesinu.



Með þessar niðurstöður sameiningarnefndar í huga tóku svo sveitastjórnirnar afstöðu til væntanlegra sameiningakosninga Þrjár sveitastjórnir af fimm lögðust ekki gegn sameiningarkosningum en bæjarstjórn Grundarfjarðar og 5 af 7 bæjarfulltrúum Snæfellsbæjar lögðust gegn kosningum. Þannig var nú það, kosningum sem vera áttu í apríl var frestað fram í október og virtist það koma nokkrum sveitastjórnarmönnum í opna skjöldu að kosið skildi þrátt fyrir andstöðu tveggja af stærstu sveitarfélögunum á svæðinu.

Nú varð að lengja lífdaga sameiningarnefndarinnar og fékk hún nú það hlutverk að búa til kynningarefni og undirbúa kosningarnar þann 8 október nk.

Það var alveg ljóst að það yrði ekki létt verk fyrir nefndarmenn að klóra saman efni í bækling eftir að tvær sveitastjórnir höfðu lagst gegn kosningum og jafn ljóst

að nefndarmenn voru ekki á einu máli í veigamiklum málaflokkum. En viti menn nú er búið að dreifa bækling inn á hvert heimili á Snæfellsnesi sem ber nafnið Sameining sveitarfélaga á Snæfellsnesi „Þitt er valið“ Þessi bæklingur er að mínu viti mjög góður miðað við það andrúmsloft sem hann er skapaður í og full ástæða til að hvetja fólk til að kynna



sér innihald hans vel.

Sameinað Snæfellsnes er góður kostur í stöðunni. Við höfum hér margt sem getur gert nesið að mjög sterku atvinnusvæði, öflugur sjávarútvegur, sívaxandi ferðaþjónusta, landbúnað, framsækinn fjölbrautarskóla, batnandi samgöngur og fjölmargar náttúruperlur en vantar fleiri iðnaðarfyrirtæki. Fjögur þúsund manna bæjarfélag hefur miklu meiri möguleika að fá til sín stór fyrirtæki og taka að sér ný verkefni heldur en smærri staðir og einnig að taka við störfum frá ríkisvaldinu.

Samstarf þessara sveitarfélaga á Snæfellsnesi er töluvert nú þegar og margir á þeirri skoðun að nóg sé að auka það enn frekar. Þetta er gott og blessað en við bendum á að flóknara ákvörðunarkerfi fylgir svona samvinnuverkefni.

Við teljum þó að það sé okkur fyrir bestu að samein-

ast þegar litið er til framtíðar og hvetjum fólk til að skoða þessi mál fordómalaust. Leggja hreppariginn til hliðar og kynna sér allar hliðar málsins kosti og galla og síðast en ekki síst að mæta á kjörstað og styrkja þannig lýðræðið.


Auðvitað erum við samála þeim skoðunum að það vanti alveg einhverja gulrót frá ríkisvaldinu til að hvetja sveitafélög til sameiningar það hefði til dæmis verið fínt að fá eins og einn miljarð af símagróðanum til að líðka fyrir sameiningu hér og enn betra hefði verið að frumkvæðið að sameiningunni hefði komið frá sveitarfélögunum sjálfum og öll undirbúningsvinna hafi verið unnin í sátt og samlyndi og samið hefði verið framkvæmdaplagg fyrir væntanlegt nýtt sveitarfélag, stjórn-sýslunni fundinn staður og þess háttar áður en sameiningin væri borin undir íbúanna en þannig er það ekki í þessari atrennu því miður.

Nær allir sveitastjórnarmenn hér um slóðir tala þannig að auðvitað komi að því að þessi sameining verði að veruleika það sé bara spurning hvenær, en hvað eigum við að bíða lengi 5,10 eða 20 ár? Höfum við Snæfellsbæingar slæma reynslu af sameinigu? Við teljum svo ekki vera. Það er ekki eftir neinu að bíða. Horfum til framtíðar.

Með sameiningarkeðju.

Kristján Þórðarson
bæjarfulltrúi
Pétur S. Jóhannsson
bæjarfulltrúi

Bæjarblaðið



Bláðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Bláðið kemur út vikulega.


Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@sinnet.is

Sími: 436 1617



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Kjósíð!!



Laugardaginn 8. október næstkomandi verður gengið til kosninga um sameiningu allra sveitafélaga á Snæfellsnesi. Það verður að segjast að fremur lítið hefur farið fyrir umræðu um þetta þar til á allra síðustu dögum. Þegar metið er í hvorn fótinn eigi að stíga er gott að hafa í huga hvaða atriði skipta mann máli persónulega. Til dæmis má spyrja hvort það skipti mann máli að hafa þjónustu þá sem boðið er upp á við höndina eða hvort hún megi fara lengra í burtu. Eins má spyrja hvort líkur séu á að útsvarsprósentan lækki eða hvort hafnargjöld lækki. Má búast við meiri framkvæmdum hér hjá okkur eftir sameiningu? Eru meiri líkur til að holóttar götur verði lagfærðar eða gangstéttar kláraðar?

Við þessum spurningum verður hver og einn að finna sitt svar. Persónulega finnst undirrituðum t.d. litlar líkur á að gjöld lækki þegar fákeppni á markaði sveitafélaganna eykst. A.m.k. er allveg víst að ekki verður um neinar lækkanir að ræða nema með auknum sparnaði og þá er spurt hvar sé hægt að spara.

Nú er þegar um töluverða samvinnu að ræða milli umræddra sveitafélaga og ekki víst að auðvelt sé að ná fram frekari sparnaði þar. Bæjarstjórum og bæjarfulltrúum myndi fækka en á móti kæmu að einhverju leiti aukin ferðalög og vissulega minni nánd við íbúana. Hvernig á annars að ná fram fjárhagslegum ávinningi nema með því að nærþjónusta minnki? Er hægt að fækka grunnskólunum meira? Viljum við fækka grunnskólunum meira? Um þetta hefur ekkert verið sagt en við vitum að möguleikinn er fyrir hendi. Er hægt að minnka kostnað við snjó-mokstur án þess að snjó-mokstursþjónustan minnki? Er hægt að fækka heilsgæslustöðvunum? Í sameinuðu sveitafélagi yrði jú sjúkrahús.

Kötturinn í sekknum

Um þetta hafa engar tillögur verið fram bornar og þar með í raun verið að segja okkur að kaupa köttinn í sekknum. Flest rök sem heyrast sem hníga að sameiningu eru byggðar á getgátum eða því að aðeins sé horft á eitt en ekki á annað. Orðrómur hefur heyrst um að húshitunarkostnaður hljóti að verða jafnaður eða þá að við hér fáum hitaveituvatn en það er alls ekki í hendi og mjög ólíklegt að fyrirtæki í Reykjavík vilji eyða ágóða góðs samnings í að jafna aðstæður útnesjamaða. Hins vegar er vitað að við sameiningu fengjum við að taka þátt í að greiða niður þær skuldbindingar

sem hin sveitafélögin hafa tekið á sig vegna hitaveitunnar. Það er í hendi!

Heyrst hefur um 100 milljón króna eingreiðslu til sameinaðs sveitafélags en ekki hefur verið tekið fram á sama tíma að greiðslur úr jöfnunarsjóði minnka um 12 milljónir árlega eftir sameiningu og því klárast þessar 100 á átta árum.

Það má áreiðanlega finna einhverjar góðar hliðar á því að segja já við sameiningu en þær hafa þá ekki verið dregnar nógu vel fram í dagsljósið. Óljósum loforðum verður líka að taka með verulegri gát enda hefur komið í ljós að loforð þau sem þáverandi félagsmálaráðherra gaf, þegar Snæfellsbær varð til hafa mörg ef ekki flest verið orðin tóm. Einnig hefur óljóst heyrst að stærri sveitafélög hefi meiri möguleika á að fá til sín opinber störf. Snæfellsbær er stærsta sveitafélagið á Nesinu en seinast þegar opinber

störf voru flutt í þessa átt var þegar Fiskistofustöðurnar voru fluttar og þær fóru í Hólminn en ekki hingað. Eini fjárhagslegi ávinningurinn sem getur orðið hlýtur því að skapast af tækifærum til að spara og þá er spurning hvar.

Hvað hentar þér?

Vel má vera að hægt sé að spara heil ósköp en verður þá skorið niður þar sem okkur finnst persónulega í lagi að skorið sé niður?

Ég vil að lokum hvetja alla til að fara og kjósa, hvort sem menn kjósa með eða á móti. Ef ekki er hægt að komast til að kjósa á kjördag er hægt að kjósa utan kjörstaðar. Það má alls ekki gerast, bara vegna lítillar kjörsóknar, að niðurstaðan verði einhver sem flestir eru í raun á móti.

Kveðja
Örvar Marteinson



Opið hús á Kríubóli !!!

Í dag fimmtudaginn 29. september, verður ný viðbygging leikskólans formlega tekin í notkun.

Dagskráin hefst kl. 17:00 og við bjóðum fjölskyldur leikskólabarna og alla aðra velunnara leikskólans hjartanlega velkomna í heimsókn til að gleðjast með okkur.

F.h. nemenda og starfsfólks á Kríubóli
Brynja Mjöll, leikskólastjóri.

Bólstrun

Kem á staðinn og geri verðtilboð í allar gerðir húsgagna, báta og bíla hef úrval af áklæðisprufum.

Sæki og kem með vöruna til þín að kostnaðarlausu.

Visa greiðslukjör
Bólstrun Gunnars Leifssonar.
Sími:4512367 og 8652103
Netfang: gl@simnet.is

Að bæta sig eða sitja eftir



Aldrei í sögu þjóðarinnar hefur samfélag okkar breyst jafn ört sem á síðustu áratugum. Flest helstu gildi hafa fengið breytta merkingu. Atvinnuhættir, samgöngur, menntun, vísindi og almenn þjónusta hefur tekið slíkum stakkaskiptum að undrun sætir. Nægir að vitna til aðstæðna þeirra er elsta kynslóð okkar kynntist og bera hana saman við Ísland í dag. Þar er himin og haf á milli.

Fólk gerir meiri kröfur um þjónustu

Eitt einkenni breytinganna eru tvímælalaust mun harðari kröfur fólksins í landinu til almennrar þjónustu á flestum sviðum. Gildir það jafnt um skilyrði til mennt-

unar barnanna, félagslegrar þjónustu af öllum toga, heilbrigðisþjónustu, verslunar, fjarskipta o.s.frv. Þetta er eðlileg þróun enda má segja að samfélagið hafi breyst frá því að vera tiltölulega einangrað framleiðsluþjóðfélag til þess að vera nútímalegt velferðarsamfélag. Þessar róttæku breytingar hafa á stundum verið sársaukafullar þar sem hefðin og fortíðin toga í hin breyttu gildi og nýjar aðstæður.

Stjórnkerfið ekki fylgt þróuninni

En segja má að stjórnsýslan hafi ekki náð að fylgja þessum breytingum eftir. Birtist það gleggst í skipan sveitarstjórna sem enn taka mið af strjálbýlu og einangruðu samfélagi á allt öðrum grunni en Ísland í upphafi 21. aldar. Og ótrúlega gengur seint að laga sveitarfélög að nýjum aðstæðum. Fyrir vikið hefur ríkisvaldið náð að tútna út og ríghalda í um 70% af verkefnum hins opinbera á asma tíma og ríkið sinnir einungis um 30% samþærilegra verka í nágranna löndum okkar.

Tilgangurinn að efla heimabyggðir

Þann 8. október verður gengið til kosninga í mörgum sveitarfélögum þar sem leitast er við að stækka og einfalda sveitarstjórnir á Íslandi. Tilgangur þess er tvíþættur: Annars vegar að skapa svigrúm til að taka við fleiri verkefnum (og peningum) frá ríkinu og hins vegar að gera sveitarfélögum fært að standa undir þeirri þjónustu sem íbúar þess eiga skilið að fá. Engum dylst að sveitarfélög sem telur örfá hundruð íbúa á þess engan kost að mæta kröfum samtímans um þjónustu. Og það sveitarfélög er á engan hátt búið undir að taka við verkefnum frá ríkisvaldinu og færa þannig ákvarðanatökuna heim í hérað.

Kynna sér kosti og taka afstöðu

Ég hvet alla íbúa umræddra sveitarfélaga til að

kynna sér rækilega þær upplýsingar sem liggja fyrir um kosti í stöðunni. Ríkisvaldið hefur ákveðið að leggja sérstaklega 2,4 milljarða króna til að styðja við sameiningu sveitarfélaga. Það eru háar upphæðir í þágu þegnanna. Ég hvet einnig fólk til að velta fyrir sér hvernig stærra sveitarfélög hækkar þjónustustigið við borgarana, er betur í stakk búið til að sækja fram á öllum sviðum, þ.m.t. að fá fleiri verkefni og fé til fólksins. Eftir miklu er að slægjast því samkeppni um fólk milli héraða mun fyrst og fremst ráðast af þeirri þjónustu sem í boði er fyrir fólk á 21. öldinni. Þröngir sérhagsmunir hljóta að víkja fyrir slíkum markmiðum. Aðalatriðið er að fólk geti kynni sér upplýsingarnar, noti kosningaréttinn og taki afstöðu þann 8. október.

Hjálmar Árnason,
form. verkefnisstjórnar.

BÆJARBLAÐIÐ JÖKULL

Kemur ekki út í næstu viku vegna viðhalds á prentvél.

Jökull kemur næst út 13. október.

Ástæða er til að benda á að efni og auglýsingar eiga að berast í síðasta lagi

á þriðjudagskvöld fyrir útgáfu.



Organisti óskast í Ólafsvík

Organisti óskast við Ólafsvíkurkirkju.

Í starfinu felst að annast orgelundirleik í athöfnum og við reglubundið helgihald í kirkjunni. Einnig kemur organisti að skipulagningu og undirbúningi helgihaldsins í samráði við sóknarprest og kórstjóra. Umsækjendur eru beðnir um að gera skriflega grein fyrir menntun sinni og reynslu.

Umsóknir sendist til Baldvins Leifs Ívarssonar, formanns sóknarnefndar, Sandholti 21 355 Ólafsvík en hann gefur einnig nánari upplýsingar um starfið (s. 436 1534 eða 897 6291).

Umsóknarfrestur rennur út 15. október nk.

Sóknarnefnd Ólafsvíkurkirkju

Stærri og öflugri sveitarfélög

-geta gert meira-



Í næsta mánuði fara víða fram kosningar um sameiningu sveitarfélaga. Því miður hafa fjölmiðlar ekki sýnt þessum kosningum nægjanlega athygli og umræða um mikilvægi eflingar sveitarstjórnarstígsins verið of lítil. Vissulega eru þær tillögur sem kosið er um aðeins lítið skref í rétta átt en mikilvægt. Flestum er ljóst að sveitarstjórnarstigið hér á landi er alltof veikt og verkefni þess í engu samræmi við það sem gerist í okkar nágrennalöndum. Alltof mörg verkefni sem eðlilegra er að sveitarfélög annist eru hjá ríkisvaldinu, megináætla þess er að sveitarfélögin eru mörg og smá. Þeir sem styðja miðstýringu og telja að best sé að ákvarðanir séu teknar sem lengst frá þeim sem þjónustunnar njóta vilja eðlilega engu breyta í skipan sveitarstjórnarmála. Efling sveitarstjórnarstígsins er hluti af valddreifingu og eitt þeirra mála sem skiptir landsbyggðina hvað mestu.

Hugmyndafræðin er einföld og með ólíkindum hvað hægt hefur gengið á þessari braut. Meginskýringin er vantraust milli ríkisvaldsins og sveitarfélaganna þess vegna verður að byggja upp traust milli aðila. Það gerist hins vegar ekki nema ríkisvaldið hafi trúverðuga stefnu um gjörbreytingu á samskiptum og verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Fram að þessu hafa samskipti aðila tekið mið af smáskammtalækningum á sveit-

arstjórnarstiginu vegna skorst á skýrri framtíðarsýn.

Nærþjónustu til sveitarfélaga

En hvert skal stefna? Öll nærþjónusta á heima hjá sveitarfélögunum. Þannig eru gæði þjónustunnar best tryggð svo og áhrif íbúanna. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga er úrelt enda ákveðin við allt aðrar aðstæður en fyrir hendi eru í dag. Breytingarnar hafa aðeins verið í misstórum skrefum, flestum litlum en það örlar ekki á raunverulegri uppstokkun. Dæmin um verkefni sem eiga heima hjá sveitarfélögum þegar þau eru orðin stærri og öflugri er t.d. þjónusta við fatlaða, heilsugæslan, framhaldsskólann, rekstur flugvallanna annarra en alþjóðlegra flugvallanna og hluti af starfsemi Vegagerðarinnar.

Rekstur framhaldsskóla er gott dæmi um verkefni sem sannarlega á heima hjá sveitarfélögunum, um er að ræða nærþjónustu sem þarf að taka mið af aðstæðum í umhverfinu. Þá er stórhylti þeirra sem nota þjónustuna undir lögdri og tenging og samfella milli skólastiga verður sífellt mikilvægari. Við slíkar aðstæður blasir við mikilvægi þess að sami aðili beri ábyrgð á rekstri skólastiganna frá leikskóla að lokum framhaldsskóla. Flutningur grunnskólans er gott dæmi um velheppnaðan flutning verkefnis frá ríki til sveitarfélaga frá sjónarhóli þeirra sem þjónustunnar njóta. Grunnskólann hefur tekið stakkaskiptum eftir að sveitarfélögin tóku yfir rekstur hans. Fátt sýnir betur hvað grunnþjónustan á mikilvægi þess heima hjá sveitarstjórnnum heldur en hinu fjarlæga opinbera valdi. Hið sama mun gerast við flutning framhaldsskólans.

Skipting verka á milli sveitarfélaga og ríkisins hafa þróast á allt annan veg hjá ná-

grannþjóðum okkar. Þar er hlutfall ríkis og sveitarfélaga af opinberri þjónustu öfugt við okkar, þ.e. hlutur sveitarfélaganna er þar meiri en ríkisins. Ekkert réttlætir að þetta sé ekki sambærilegt hér á landi og því eðlilegt markmið að taka mið af Norðurlöndunum. Í því felst valddreifing, betri þjónusta, betri meðferð fjár og aukin áhrif íbúanna á eigið umhverfi.

Til að þróunin geti verið á þessa lund í framtíðinni þarf heildarendurskoðun á tekjustofnun sveitarfélaga. Það þarf að leita leiða til að breikka tekjugrunninn t.d. með því að sveitarfélög fái hlutdeild í óbeinum sköttum til að fjármagna ný verkefni sem þau taka við frá ríkinu.

Það er hinsvegar ógerningur að finna viðunandi lausn bæði á verkefna- og tekjustofningu nema með uppstokkun sveitarstjórnarstígsins, þ.e. verulegri fækkun og mikilli stækkun sveitarfélaga samhliða verkefnaflutningi frá ríki til sveitarfélaga. Þess vegna munu kosningarnar um sameiningu sveitarfélaga í næsta mánuði ekki tryggja lausn. Það er hinsvegar mikilvægt að úrslit kosninganna tryggi að stigið verði lítið skref í rétt átt.

Næstu skref

Stóra verkefnið á þessu sviði er að færa sveitarstjórnarstigið inni nútímann, það þarf að framkvæma sem fyrst

því miklir hagsmunir eru í húfi. Þess vegna þarf strax að loknum sameiningarkosningunum að hefja markvissan undirbúning að næstu skrefum. Sumt blasir við t.d. þarf að tryggja að reglur Jöfnunarsjóðs vinni með sameiningu en ekki gegn, þannig verði tryggt að öll sveitarfélög sem sameinist fái aldrei minni tekjur og helst auknar tekjur við sameiningu. Vegna smæðar sveitarfélaga og fjölda plástursaðferða í of langan tíma má segja að Jöfnunarsjóðurinn sé orðinn að sérstöku vandamáli. Reglur sjóðsins eru orðnar svo flóknar að fáir skilja þær til fullnustu.

Sveitarfélögin verða að veru miklu færri og stærri en til að slíkt tryggði aukið lýðræði þarf margt að koma til t.d. setja lagaramma varðandi ákveðna málaflokka t.d. leikskóla, grunnskóla og fjallskil, slíkar stjórnir mætti kalla þorpsstjórnir, hverfastjórnir eða hreppsnefndir. Þannig má nálgast þörfina fyrir öflug sveitarfélög og samhliða vinna bug á ótta margra um að hin stóru sveitarfélög gleypi allt og völdin færast fjær fólkinu, - en ekki nær.

Markmið með slíkum breytingum er að færa ákvarðanatöku nær fólkinu og tryggja áhrif þeirra í stærstu málaflokkunum.

Einar Már Sigurðarson,
alþingismaður.

SMÁAR

Sjónvarp óskast

Óska eftir notuðu sjónvarpi fyrir lítið
Uppl. í síma: 892 1362

Sjónvarp til sölu

Til sölu rúmlega árs gamalt 29" Sony sjónvarp,
skápur fylgir.
Uppl. í síma: 892 4361

Ólafsvíkirkirkja
2. október 2005

Sunnudagaskóli kl. 11

Söngur, sögur og gleði - mætum öll!

Kvöldmessa kl. 20

Séra Óskar Hafsteinn Óskarsson kveður söfnuðinn en hann tekur senn við embætti prests við Akureyrarkirkju.

Kirkjukórinn leiðir sönginn. - Sóknarnefndarfólk les ritningarlestra.

Kaffveitingar á eftir.

Allir velkomnir!

Sóknarprestur og sóknarnefnd



INGJALDSHÓLSKIRKJA

SAMVERUSTUNDIR FORELDRA UNGRA BARNA HEFJAST Í SAFNAÐAHEIMILI INGJALDSHÓLSKIRKJU

MIÐVIKUDAGINN
28. September kl. 12:00

Allir velkomnir!

Sóknarprestur

